

# Smurning sjúkra

45. Tími



## **Tilgangur:**

**Guð talar til okkar í helgihaldinu í gegnum það sem við sjáum, heyrum og neytum.**

Presturinn smyr sjúklinginn með heilagri olíu og biður fyrir honum.

## Smurning sjúkra

Í Guðspjallinu segir frá mörgum tilvikum af lækningum. Reyndar, þegar Jesús kemur inn í þorp, segja íbúarnir: Miskunna þú mér, Drottin, Sonur Davids! Drottin, ef þú vilt, getur þú hreinsað mig!



Jesús aumkar þetta sjúka fólk og læknar það: blindir sjá, heyrnarlausir heyra, lamaðir ganga... á sama tíma fyrirgefur Jesús þeim syndir þeirra og frelsar sálir þeirra.

Í bréfi sem heilagur Jakob postuli skrifaði fyrstu kristnu mönnum, segir hann frá uppruna þessa sakramentis. Hann sagði:

*Sé einhver sjúkur ykkar á meðal, þá kalli hann til sín öldunga safnaðarins og þeir skulu smyrja hann með olíu í nafni Drottins og biðja fyrir honum. Trúarbænin mun gera hinn sjúka heilan og Drottinn mun reisa hann á fætur. Þær syndir, sem hann kann að hafa drýgt, verða honum fyrirgefnar. (Jakobsbréf 5:14-15)*

Frá upphafi kirkjunnar skildu postularnir að sakramenti hinna sjúku væri framlenging á athöfnum Jesú.

Það er presturinn sem gefur sjúkum sakramentið. Hann réttir hendur sínar yfir höfuð hins sjúka til að færa honum náð Guðs. Með olíunni sem biskup vígði í dymbilviku, gerir hann kross á enni og hendur og segir:

*“að með þessari heilögu smurningu sýnir Guð þér mikla miskunn sína, að hann leysir þig frá syndum þínum og reisir þig upp í sinni miklu gæsku.”*

Þetta sakramenti lækna ekki alltaf líkama hins sjúka, en það hjálpar honum að setta sig við og bera þjáningar sínar, það hreinsar sál hans og veitir honum frið.



**Guð er að hugsa til okkar á hverju andartaki ævi okkar!**

Þið vitið að í raun erum við á jörðu til að fara til himna: einnig, við lok ferðar okkar á jörðinni, munum við koma fram fyrir Guð til að hljóta umbun eða refsingu, í samræmi við líf okkar.

Nú, til að hjálpa okkur að bjarga okkur sjálfum, hefur Guð, auk



**sakramentis iðrunar og sáttu**, útvegað leið til að styðja sjúka sem þjást: Það er **Smurning sjúkra**.

Þannig er þetta sannarlega sakramenti, það er að segja viðkvæmt tákni stofnað af Drottni vorum Jesú Kristi til að framkalla **náð**. Þið takið við gæsku Jesú sem vildi auðvelda okkur inngöngu í himnaríki með því að veita okkur í gegnum þetta leyndarmál, þessa náð til að deyja í friði eða leyfa okkur að halda áfram að takast á við raunir lífsins.

Reyndar, Drottinn vor stofnaði það **til að létta sálina**, til að ljúka hreinsun á leifum syndarinnar. Hann fyrirgefur litlar syndir og jafnvel dauðasyndir sem hinn sjúki hefur gleymt eða getur ekki játað og iðrast. Það styrkir sálina í síðustu freistingum og gefur henni sterka von.


Það **léttir líka líkama sjúkra** með því að milda þjáningar og veita lækningu ef Guð metur það gagnlegt til hjálpræðis.

Með þessu sakramenti gefur Guð okkur náð fyrir augnablikið sem er okkur erfitt... að nálgast dauðann. Við þurfum því ekki óttast að þiggja það og umfram allt ekki bíða fram á síðustu stundu með að biðja um það (til dæmis þegar sjúklingur hefur misst meðvitund).

Sannarlega er kvöl, sem er barátta sálar og líkama fyrir dauðann, augnablikið þegar eilífð okkar hamingju eða óhamingju er ákveðin. Þarna þarfnast sálin, meira en nokkru sinni áður, styrks Guðs, sem mun gefa henni frið og von.

Eins og öllum sakramentum, þarf að fylgja nákvæmu fyrirkomulagi til að taka á móti því.

Í fyrsta lagi er það sakramenti hinna lifandi, þannig að það krefst náðarástands, þess vegna skriftar sá sjúki almennt áður en hann meðtekur það, ef hann getur. Annars hlýtur hann að sýna að minnsta kosti



eftirsjá vegna synna sinna: Iðrun. Og við verðum að treysta á Guð og samþykkja guðdómlegan vilja.

## MUNIÐ:

- *Hvað er Smurning sjúkra?*

Smurning sjúkra er sakramenti sem léttir sál og líkama sjúkra.

- *Hvernig léttir Smurning sjúkra sál þeirra sem eru sjúkir?*


Smurning sjúkra léttir sál sjúkra með því að eyða litlum synna þeirra, styrkja þá gegn freistingum og hjálpa þeim að deyja sem kristnir.

- *Hvernig léttir Smurning sjúkra á sjúkum í líkama þeirra?*

Smurning sjúkra léttir sjúka í líkama þeirra með því að milda þjáningar þeirra og jafnvel endurheimta líkamlega heilsu þeirra ef Guð metur það gagnlegt til hjálpræðis sálar þeirra.

- *Í hvernig ástandi þarf maður að vera til að þiggja Smurningu sjúkra?*

Til að hljóta Smurningu sjúkra verður maður að vera í náðarástandi, eða ef maður getur ekki skrifað, að minnsta kosti að sýna ófullkomna iðrun.



- 1- bleikt
- 2- gult
- 3- himinblátt
- 4- blátt

- 5- appelsínugult
- 6- brúnt
- 7- rautt
- 8- dökkgrænn



